

51. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 8. nóvember og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerðir
2. Erindi til hreppsnefndar
3. Fjárhagsáætlun 2018-2021 undirbúningur
4. Ungmennaráð Suðurlands
5. Næsti fundur hreppsnefndar

Gengið til dagskrár:

1. Fundargerðir

a) 142. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 12. október sl.

Lagt fram til kynningar.

b) 48. fundur félagsmálanefndar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., haldinn 12. október sl.

Lagt fram til kynningar.

c) 4. fundur Tónlistarskóla Rangæinga bs., haldinn 3. október sl., liður 1 og 2 þarfnast umfjöllunar.

Liður 1. 1709027 - Rekstraryfirlit 03102017 – TónRang

Farið var yfir rekstur skólans janúar-september. Ljóst er að vegna nýrra kjarasamninga tónlistarkennara verður launakostnaður meiri en áætlað var sem nemur u.þ.b. 6 m. Tillaga er um að þessum kostnaðarauka verður mætt með lækkun á handbæru fé Tónlistarskólans. Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd staðfestir bókun stjórnar.

Liður 2. 1709026 - Rekstraráætlun 2018 – Tónlistarskólinn

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir skólaárið 2017-2018 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Lagt er til að gjaldskrá verði óbreytt frá fyrra ári. Launaliðir hækka um 9% frá fyrra ári vegna nýrra kjarasamninga og hækkun launavísitölu. Heildartekjur eru áætlaðar 99.8 m og heildargjöld 102.7 m. Gert er ráð fyrir að framlag sveitarfélaganna hækki um 9% frá fyrra ári en gengið verður á handbært fé Tónlistarskólans sem nemur 2.8 m.

Gjaldskrá og fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd staðfestir bókun stjórnar.

d) 18. fundur stjórnar Odda bs. haldinn 23. október sl. liður 2, 7 og 11 þarfnast umfjöllunar.

Liður 2. 1709030 - Skólaakstur á aksturssvæði Odda bs.

Lögð fram greining á kostnaði við skólaakstur hjá sveitarfélögum á suðurlandi í samanburði við kostnað hjá Odda bs. Ljóst er að skólabílstjórar Odda bs. hafa dregist nokkuð aftur úr þar sem miðað hefur verið við vísitölu neysluverðs og ekki tekið tillit til launavísitölu eins og flest sveitarfélögin gera. Tillaga er um bjóða skólabílstjórum að frá ágúst 2017 verði breytt yfir í 70% neysluverðsvísitölu með undirvísitölu rekstur bifreiða og 30% launavísitölu og miða við vísitölur frá ágúst 2016. Kostnaðarauki vegna þessarar leiðréttingar er áætlaður 1.3 m. og rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins 2017.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirliggjandi breytingar á samningum.

Liður 7. 1710029 - Erindi frá foreldrafélagi Laugalandsskóla

Lagt fram erindi frá foreldrafélagi Laugalandsskóla um kostnað við árshátíð og fyrirkomulag á ferðasjóði. Samþykkt að vísa erindinu til skólastjóra til úrlausnar í samráði við foreldrafélagið. Einnig var tekið fyrir erindi frá stjórn foreldrafélags leikskólans á Laugalandi, sem einnig var tekið undir á aðalfundi foreldrafélags Laugalandsskóla, um öryggismál á bílastæði á Laugalandi.

Hreppsnefnd

Tekið er undir áhyggjur foreldrafélaganna og brýnt að bæta úr öryggismálum við skólana eins og frekast er kostur. Lagt er til að stjórn Odda bs. fjalli um málið á næsta fundi sínum og finni lausnir.

Hreppsnefnd tekur undir áhyggjur foreldrafélaganna og vísar málinu til afgreiðslu í fjárhagsáætlun samstarfsverkefna Ásahrepps og Rangárbings ytra fyrir árið 2018 þar sem leitað væri lausna.

Liður 11. 1710034 - Ályktun frá samráðsfundi Félags stjórnenda leikskóla.

Staða barna í leikskólum landsins og skýrsla OECD.

Lagt fram til kynningar.

e) 143. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 27. október sl.

Lagt fram til kynningar.

f) 46. fundur stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs., haldinn 27. október sl.

Lagt fram til kynningar.

g) 28. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., haldinn 31. október sl. liður 1 og 2 þarfnast umfjöllunar.

Liður 1. Drög að fjárhagsáætlun Félagsþjónustunnar fyrir árið 2017.

Helga Lind og G. Pétur fara yfir fjárhagsáætlun Félagsþjónustudeildar fyrir árið 2018. Rekstur Félagsþjónustudeildar eru áætlaðir kr. 64.269.221 hækkun um 12,45% sem felst fyrst og fremst í launaaukningu vegna fyrirséðra veikindalauna vegna starfsmanna. Rekstur málaflokks fatlaðs fólks kr. 10.586.601 og hækkar um 2,32% milli ára. Rekstur deildarinnar er fjármagnaður með framlögum frá sveitarfélögunum kr. 74.855.882 er Félagsmálanefnd tekin inn í áætlun Félagsþjónustunnar.

Bókun: Stjórnin samþykkir fyrirliggjandi drög að fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti.

Hreppsnefnd staðfestir bókun stjórnar.

liður 2. Drög að fjárhagsáætlun Skólaþjónustunnar fyrir árið 2018.

Edda og G.Pétur fara yfir fjárhagsáætlun Skólaþjónustudeildar fyrir árið 2018. Áætlað er að kostnaður deildarinnar verði kr. 67.281.138. Hækkun um 8,85% sem felst í kjarasamningsbundnum launahækkunum, hækkun á stöðugildi, hækkun á launaflokkum og laun stjórnar. Áætlaðar sértekjur eru kr. 2.600.000. Framlög frá sveitarfélögunum kr. 67.281.138.

Bókun: Stjórnin samþykkir fyrirliggjandi drög að fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti.

Hreppsnefnd staðfestir bókun stjórnar.

2. Erindi til hreppsnefndar

a) Beiðni um auglýsingu í Börn með krabbamein 2. tbl. 2017.

Samþykkt að kaupa styrktarlínu kr. 9.000, bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

b) Beiðni um auglýsingu í Neistann 2. tbl. 2017.

Samþykkt að kaupa styrktarlínu kr. 9.000, bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

c) Beiðni frá stjórn HSK um áframhaldandi fjárframlag frá sveitarfélögum á sambandssvæðinu árið 2018. Sótt er um 280 kr. á hvern íbúa sem er sama upphæð og verið hefur.

Samþykkt og vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2018.

d) Beiðni um styrk frá Stígamótum fyrir árið 2018.

Samþykkt að veita styrk að kr. 10.000 fyrir árið 2018.

e) Ósk um styrk vegna internettengingar hjá skotíþróttafélaginu Skytturnar.

Samþykkt að styrkja um kr. 10.000, bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

f) Beiðni frá Markaðsstofu Suðurlands um áframhaldandi stuðning.

Samþykkt að framlengja óbreyttum samningi í 1 ár að því tilskyldu að sveitarfélög á Suðurlandi geri slíkt hið sama.

3. Fjárhagsáætlun 2018-2021 undirbúningur

Almennar umræður um fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins og samstarfsverkefna. Auka fundur verður haldinn í lok nóvember fyrir fyrri umræðu.

Hreppsnefnd

4. Ungmennaráð Suðurlands

Skipa þarf varamann í Ungmennaráð Suðurlands, Rakel Ýr Sigurðardóttir hefur gefið kost á sér. Hreppsnefnd þakkar Rakel Ýr fyrir og samþykkir að skipa hana sem varafulltrúa Ásahrepps í Ungmennaráð Suðurlands og að vera tengiliður ungmenna í Ásahreppi ásamt Höllu Rún Erlingsdóttur við hreppsnefnd.

5. Næsti fundur hreppsnefndar

Samþykkt að aukafundur hreppsnefndar verði haldinn miðvikudaginn 29. nóvember nk. kl. 13:00 á skrifstofu Ásahrepps á Laugalandi.

Til kynningar:

- A. Friðlýsing Þjórsárvera.
- B. Ársfundur náttúruverndanaefnda og Umhverfisstofnunar 2017.
- C. „Á ég að gera það“ Skólaþing sveitarfélaga 2017.
- D. Fréttabréf Markaðsstofu Suðurlands október 2017.
- E. Öryggismál ferðamanna eru til umræðu á Slysavarnir 2017.
- F. Tilkynning frá Innanríkisráðuneytinu / Ísland ljóstengt.
- G. Fullveldi afmælishátíð 2018.
- H. Staða persónuverndarmála - upplýsingar til sveitarfélaga október 2017.
- I. Sambandi, viðburðir í október og nóvember.
- J. Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga, sambandið.
- K. Umsóknir vegna verndarsvæða í byggð, Minjastofnun Íslands.
- L. Vörugjöld bílaleigubíla og skoðun á skattbyrði bílaleigufyrirtækja, Samtök ferðaþjónustunnar.
- M. Sorpstöð Rangárvallasýslu, Strönd - niðurstöður efnamælinga 31.8.2017.
- N. Sambandið, til pósthóps um opinber innkaup - afrit af fundargerð tengiliðahóps.
- O. Tíðindi - rafrænt fréttabréf Sambands íslenskra sveitarfélaga okt. 2017.
- P. Stafræn tækni í skólastarfi - gagnlegar upplýsingar, sambandið.
- Q. Fundargerð 182. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- R. 524. fundur stjórnar SASS.
- S. Hvatningarbréf - Dagur gegn einelti 8. nóvember.
- T. Haustfundur Landsvirkjunar 2017 - Endurnýjanleg orka er verðmætari.
- U. 525. stjórnarfundur SASS.
- V. Greiðslur og uppbætur | Kjara- og starfsmannamál | Verkefni | Samband íslenskra sveitarfélaga.
- W. Opið hús á Lundi.
- X. Dagur íslenskrar tungu 2017.
- Y. Lokaskýrsla Evrópumíðstöðvar um menntun fyrir alla á íslensku.
- Z. Fundargerð 853. fundar stjórnar sambandsins.
- AA. Bergrisi – kynning.
- BB. Tilkynning um breytingar á kjarasamningum vegna starfsfólks á skólaskrifstofum.
- CC. 260 fundur stjórnar SOS.
- DD. Tengiliðalistar frá Vestnorden 2017, Markaðsstofa Suðurlands.
- EE. Skýrsla um fasteignamat 2018, Þjóðskrá Íslands.

Fundargerð yfirlésinn, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:51

Elín Grétarsdóttir (sign)

Hreppsnefnd

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)